



FRÍSTUNDAHEIMILIÐ
STJÖRNUSTEINAR

FORELDRAHANDBÓK

UM STJÖRNUSTEINA

Frístundaheimilið Stjörnusteinar er starfrækt fyrir börn í 1.-4. bekk. Það opnar kl. 13:55 alla virka daga og er opið til kl. 16:30.

Frístundaheimilið er í húsnæði Barnaskólans á Stokkseyri við Stjörnusteina 2.

Meginmarkmið frístundaheimilisins er að börnunum líði vel og fái notið sín í frjálsum leik í öruggu umhverfi.

Forstöðukona: Agnes Lind Jónsdóttir

Símanúmer Stjörnusteina : 480-3219

Skrifstofa forstöðumanna : 861-3691

Netfang : agneslind@arborg.is

SKRÁNINGAR

Frístundaheimili Árborgar notast við skráningarkerfið Vala. Þar er hægt að sækja um vistun í frístund og inni á sérstökum foreldraaðgangi er hægt að breyta vistunartíma, skrá tómsundur barna og fleira. Til þess að komast inn í Völu er farið í gegnum mín Árborg. Þar til vinstri er hlekkur sem heitir frístundaheimili Árborgar og þaðan er farið inn á Völu með íslykli eða rafrænum skilríkjum (sjá leiðbeiningar í viðauka).

Athugið, uppsagnir eða breytingar á vistunartíma þurfa að berast fyrir 20. hvers mánaðar og tekur breytingin þá gildi 1. næsta mánaðar. Ef komið er fram yfir 19. hvers mánaðar tekur breytingin ekki gildi fyrr en þar næsta mánuð, það sama á við um skráningu nýrra barna.

LENGD VIÐVERA

Lengd viðvera er í boði flesta starfs-og foreldradaga skólans en þá býðst skráðum þátttakendum að nýta frístund allan daginn. Einnig er lengd viðvera í boði í kringum jól og páska. Skrá þarf sérstaklega þessa daga og er gjaldið 2.498 kr. á dag fyrir hádegi. Skráðir forráðamenn fá tölvupóst þess efnis þegar opnað hefur verið fyrir skráningu í lengda viðveru.

Athugið að lokað er í haustfríi, vetrarfríi, á starfsdögum og rauðum dögum. (sjá dagatal í viðauka).

TILKYNNINGAR OG SAMSKIPTI

Mikilvægt er að tilkynningar berist frá forráðamönnum. Við tökum ekki við munnlegum skilaboðum frá börnunum sjálfum þegar kemur að forföllum, vinaheimsóknum eða upplýsingum um hver sækir o.þ.h. Vinaheimsóknir þurfa að vera skipulagðar fyrirfram því ekki er í boði fyrir börn að hringja úr sínum frístundar með hvers kyns fyrirspurnir.

Þegar foreldrar/forráðamenn sækja börnin þurfa þeir að láta starfsmann í móttöku vita.

Ef foreldri/forráðamaður þarf að ná tali af forstöðumönnum er best að hafa samband fyrir kl.12:00, þar sem forstöðumenn hafa að öllu jöfnu viðveru að skrifstofu að morgni. Alltaf er hægt að senda tölvupóst en athugið að við temjum okkur að senda staðfestingu á að póstur sé móttækinn. Við biðjum foreldra um að láta okkur vita ef breytingar verða á símanúmerum, netföngum eða öðru. Einnig er gott að fá upplýsingar á breyttum fjölskylduaðstæðum, breyttar aðstæður geta haft áhrif á líðan barna.

Athugið að ekki eru gefin lyf í frístund.

Okkur þykir vænt um að sjá foreldra og forráðamenn og ykkur er velkomið að kíkja á börnin ykkar í leik.

FJARVERA

Ef barn mætir af einhverjum sökum ekki í frístund biðjum við foreldra um að tilkynna forföll fyrir kl. 12:00, til þess að koma í veg fyrir óþarfa áhyggjur og tíma sem fer þá í að leita að barninu (verkferill í viðauka).

GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

frá 1. janúar 2022

Þjónusta	Þáttaka	Hressing	Samtals
Vistun 5 daga	16.653 kr	4.808 kr	21.461 kr
Vistun 4 daga	13.580 kr	3.850 kr	17.430 kr
Vistun 3 daga	10.482 kr	2.881 kr	13.363 kr
Vistun 2 daga	7.395 kr	1.938 kr	9.333 kr
Vistun 1 dag	4.297 kr	982 kr	5.279 kr
Lengd viðvera	2.498 kr	-	2.498 kr

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM ÞJÓNUSTU OG GJÖLD

Systkinaafsláttur gildir á milli leikskóla, frístundar, lengdrar viðveru og dagforeldra. Systkinaafsláttur er 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni. Afsláttur reiknast alltaf á elsta barnið. Einungis er veittur afsláttur af vistunargjaldi í frístund. Skilyrði er að hafa sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá.

Ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:00 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það 2.498.- á dag og er þá talað um lengda viðveru. Óskað er eftir sér skráningu þessa daga. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í vistun þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga.


Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst–júní). Ef segja á upp eða breyta vistun þarf það að gerast í seinasta lagi 19. hvers mánaðar og tekur uppsögnin eða breytingin þá gildi um næstu mánaðarmót.

TÓMSTUNDIR

Ef barn á að sækja einhverjar tómstundir innan þess tíma sem það er í frístund getum við sent það í rútu eða gangandi frá okkur. Það er þó algjörlega á ábyrgð forráðamanna að upplýsa okkur um tíma og staðsetningar og einnig ef forföll verða (sjá skráningu tómstunda í viðauka).

Eigi barn að koma aftur eftir æfingu, þarf að upplýsa okkur um það.

Eigi barn að taka frístundabílinn þarf að upplýsa um það en vert er að taka fram að frístundabíllinn er þjónusta á vegum Árborgar og undir foreldrum komið að kenna börnum sínum að nota hann.




Falli æfing niður þurfa foreldrar/forráðamenn að tilkynna okkur það. Þær upplýsingar koma hvergi annars staðar frá.

KLÆÐNAÐUR

Við í Stjörnusteinum förum út að leika með börnunum á hverjum degi. Það er því mikilvægt að börnin séu klædd eftir veðri svo þau geti tekið þátt í starfinu hjá okkur. Ef barn er búið að vera veikt og á að vera inni á meðan útivera er verða foreldrar að láta okkur vita með því að senda tölvupóst eða hringja fyrir kl 12:00. á daginn.

Athugið að ef börn mæta með hjól, hlaupahjól, leikföng, pening, síma eða annað þá er það á þeirra ábyrgð.

Á skemmtilegum dögum eru búningar og aðrir aukahlutir einnig á ábyrgð barnanna. Við mælum með því að aukahlutir séu skyldir eftir heima þar sem þeir eiga það til að týnast eða skemmast í fjörinu sem fylgir þessum dögum.




Í Stjörnusteinum eru mörg börn og bendum við foreldrum á að merkja fót barna sinna vel. Við mælum einnig með að börnin hafi með sér auka fót í skólatöskunum. Ætlast er til að öll fót fari heim með börnum í lok hvers dags.

V I Ð A U K I

SKRÁNING Í FRÍSTUND - LEIÐBEININGAR


Á heimasíðu sveitarfélagsins www.arborg.is farið inn á flipa sem kallast Mínar síður, og þaðan smellir maður á flipa sem kallast Mín Árborg.

Þar þurfa foreldrar / forráðamenn að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum.



Inni á Mín Árborg er flipi til hægri sem kallast Frístundaheimili Árborgar. Þessi hlekkur flytur foreldra/forráðamenn inn á frístundavefinn Völu.

Einnig er hægt að fara inn á Völu á heimsíðunni www.vala.is




V I Ð A U K I

SKRÁNING Í TÓMSTUNDIR - LEIÐBEININGAR

Undir flipanum Vetrarfrístund finnur þú yfirlit núverandi skráningu barna. Þaðan er smellt á flipann skoða vistun, skrá tómsundir og svo breyta skráningu. Þá er í boði að setja inn nýjar tómsundir, breyta upplýsingum um tómsundir eða eyða skráningu tómsunda út.

LENGD VIÐVERA - LEIÐBEININGAR

Þegar opnað hefur verið fyrir skráningu í lengda viðveru fá forráðamenn tilkynningu í þess efnis í tölvupósti. Yfirlit möguleika fyrir skráningu í lengda viðveru er þá til staðar inn á Völunni undir flipanum Lengd Viðvera. Athugið að skráning í lengda viðveru felur í sér auka kostnað ofan á grunngjald Frístundar. Finna má verð í gjaldskránni.



V I Ð A U K I

BARN MÆTIR EKKI

Nöfn allra barna eru skráð á viðverulista. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna veikindi og frí til umsjónarmanns. Starfsmenn eiga að gæta þess að öll börn sem skráð eru, séu merkt inn, hafi frí eða veikindi ekki verið tilkynnt. Byrjað er að kanna hvort barnið er í fríi hjá ritara skóla ef um vetrarfrístund er að ræða, en hjá forráðamönnum sé um sumarnámskeið að ræða.

LEIT AÐ BARNI

Starfsmaður leitar á öllu starfssvæðinu úti og inni. Á hverjum starfsstað á að vera til sérstakur gátlisti þar sem taldir eru upp þeir staðir sem leitað skal á.

FINNST BARNIÐ?

Já

Rætt er við barnið um mikilvægi þess að mæta á réttum tíma á frístund og skrá sig inn. Foreldrar látnir vita í lok dags.

NEI

HAFT SAMBAND
VIÐ FORELDRA/
FORRÁÐAMENN

Ef um vetrarfrístund er að ræða er haft samband við foreldra þegar búið er að ganga úr skugga um að barnið sé ekki á starfssvæðinu.

LEIT ENDURTEKIN

Leit endurtekin í samráði við foreldra / forráðamenn. Starfsmaður tekur þátt í leit að barni í nánasta umhverfi starfsstaðarins. Foreldrar beðnir um að athuga hvort barn hafi skilað sér heim. Aðilar upplýsa hvorn annan um framgang leitarinnar.

HAFT ER SAMBAND VIÐ
LÖGREGLU Í SAMRÁÐI
VIÐ FORRÁÐAMENN

Mikilvægt er að vera skýr í samtali við lögreglu og gefa upp nákvæmar upplýsingar, s.s. hvaðan hringt er, hver hringir, hvers vegna og svo framvegis. Í sumum tilfellum tilkynna foreldrar sjálfir um hvarf barns til lögreglu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hversu lengi starfsmaður tekur þátt í leitinni.
Komi það ítrekað fyrir að barn skili sér ekki í starfið verða foreldrar og starfsmenn að ræða saman leiðir til úrbóta.

V I Ð A U K I

Dags.	Stjörnusteinar	Skóli	Athugasemdir
23.8.2022	Lengd viðvera	Skólasetning	
30.9.2022	LOKAÐ	Haustþing KS / starfsdagur	
13.10.2022	LOKAÐ	Haustfrí	
14.10.2022	LOKAÐ	Haustfrí	
31.10.2022	Lengd viðvera	Starfsdagur	Opið frá 7:45 - 16:30
1.11.2022	Lengd viðvera	Foreldradagur	Opið frá 7:45 - 16:30
20.12.2022	Lengd viðvera	Litlu jól	Opið frá 7:45 - 16:30
21.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
22.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
23.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
27.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
28.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
29.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
30.12.2022	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
2.1.2023	Lengd viðvera	Jólafrí	Opið frá 8:00 - 16:30
2.2.2023	Lengd viðvera	Starfsdagur	Opið frá 7:45 - 16:30
3.2.2023	Lengd viðvera	Foreldradagur	Opið frá 7:45 - 16:30
27.2.2023	LOKAÐ	Vetrarfrí	
28.2.2023	LOKAÐ	Vetrarfrí	
3.4.2023	Lengd viðvera	Páskafri	Opið frá 8:00 - 16:30
4.4.2023	Lengd viðvera	Páskafri	Opið frá 8:00 - 16:30
5.4.2023	Lengd viðvera	Páskafri	Opið frá 8:00 - 16:30
6.4.2023	LOKAÐ	Páskafri	
7.4.2023	LOKAÐ	Páskafri	
10.4.2023	LOKAÐ	Páskafri	
20.4.2023	LOKAÐ	Sumardagurinn fyrsti	
1.5.2023	LOKAÐ	Verkalýðsdagurinn	
18.5.2023	LOKAÐ	Uppstigningadagur	
22.5.2023	Lengd viðvera	Starfsdagur	Opið frá 7:45 - 16:30
29.5.2023	LOKAÐ	Annar í hvítasunnu	
7.6.2023	Lengd viðvera	Skólaslit	Opið frá 7:45 - 16:30
8.6.2023	Lengd viðvera	Starfsdagur	Opið frá 7:45 - 16:30
9.6.2023	LOKAÐ	Starfsdagur	
12.6.2023	Sumarfrístund hefst	Sumarfrí	


Skrá þarf börnin sérstaklega þá daga sem lengd viðvera er og kostar það aukalega 2.498 kr. fyrir hádegi. Foreldrar þurfa að fara inn á Völu aðganginn sinn til þess að skrá barnið í lengda viðveru. Við munum senda póst á alla forráðamenn og minna á þegar svona dagar nálgast. Starfsdagur hjá starfsfólki Stjörnusteina á vorönn verður auglýstur síðar. Birt með fyrirvara um breytingar

HLUTVERK FRÍSTUNDAHEIMILA

Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

STAÐSETNING

LEIÐARLJÓS FRÍSTUNDAHEIMILA	<ul style="list-style-type: none"> Að bjóða öllum börnum þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómstundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra. Umhverfi starfsins einkennist af öruggi, fagmennsku og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
BÖRNIN Á FRÍSTUNDAHEIMILINU	<p>MARKMID</p> <p>1 Börnin líður vel og eru örugg, heilbrigð og glöð</p> <p>2 Börnin hafa sterka sjálfsmynd og félagsfærni</p> <p>3 Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður</p> <p>4 Börnin eru áhugasöm um starfið og styrkur þeirra fær að njóta sín</p>
	<p>VIDMID UM GÆÐI</p> <p>a Í frístundastarfinu finna börn til öruggis í öllu starfi</p> <p>b Í frístundastarfinu er unnið gegn andfélagslegri hegðun í hverju svo sem hún kann að birtast svo sem einelti, öðru efbeldi, niðurlægingu og kynbundinni og annars konar mismunun til að tryggja almenna velferð barna</p> <p>c Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo að börnin fái notð barnsku sinnar</p> <p>a Í frístundastarfinu er unnið að því að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og samskiptahæfni</p> <p>b Jafnrétti er lykilmáttur í öllu starfi þannig að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi gagnkvæmrar virðingar án mismununar</p> <p>c Í frístundastarfinu fá börnin tækifæri til að skiptast á sköpunum við önnur börn og fullorðna, miðla málum og finna sameiginlegar lausnir</p> <p>a Leiðað er eftir sjónarmíðum barna þegar teknar eru ákvarðanir um starfið</p> <p>b Frjálsum leik barna er gefið gott svigrúm</p> <p>c Börnin hafa daglega val um fjölbreytt og ógrandi viðfangsefni og taka þátt í að móta þau í samstarfi við starfsfólk</p> <p>a Starfið tekur mið af aldri og þroska barna</p> <p>b Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga</p> <p>c Börn sjána áhuga á því að sækja frístundaheimilið</p>
STARFSHÆTTIR OG VIÐFANGSEFNI	<p>MARKMID</p> <p>5 Virkt samstarf er við foreldra, skóla, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðra í grenndarsamfélaginu</p> <p>6 Starfsumhverfið er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öruggi og virðingu</p> <p>7 Viðfangsefnið er fjölbreytt og skapandi og móttast af áhuga barna og þroska þeirra</p> <p>8 Lýræðislegir starfshættir, frumkvæði barna, val og frjáls leikur eru ríkjandi</p>
	<p>VIDMID UM GÆÐI</p> <p>a Forstöðumaður leitir virks samráðs við skólastjóra, starfsfólk skóla, foreldra, forstöðumenn íþrótt- og æskulýðsfélaga og listaskóla um sameiginleg málafni</p> <p>b Foreldrar eru ánægðir með viðfangsefni barnanna</p> <p>c Foreldrar eru ánægðir með samskiptin við starfsfólk</p> <p>a Fullt aðgengi er fyrir öll börn að starfinu</p> <p>b Sérhvert barn tekur þátt í dagskrá og nýtur samveru með öllum börnum</p> <p>c Börn fá viðeigandi stuðning við allt starf</p> <p>a Börnin eru hvött til að vera forvitni og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem veltvangur leiks og starfs</p> <p>b Bæði er upp á smíðjur og fræðslu um tiltekin málafni, þar sem áhersla er lögð á skapandi starf og listsköpun</p> <p>c Útvera og viðburðir eru reglubundnir þættir í frístundastarfinu</p> <p>a Skipulega er unnið með lýræði í starfi með börnunum</p> <p>b Börnin eru hvött til að koma með eigin hugmyndir að viðfangsefnum og þau studd í útfærslu og framkvæmd þeirra</p> <p>c Börn eru hvött til að tjá skoðanir sínar á markvissan og uppbyggilegan hátt</p>
MANNAUÐUR OG FAGLEGT STARF	<p>MARKMID</p> <p>9 Sveitarfélag mótar stefnu um frístundaheimili og stuðlar að fagbróun starfsins</p> <p>10 Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfsemi og veitir faglega forystu</p> <p>11 Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi</p> <p>12 Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af virðingu og umhyggju</p>
	<p>VIDMID UM GÆÐI</p> <p>a Sveitarfélagið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til og skapar aðstæður til starfsbrúna</p> <p>b Sveitarfélag stuðlar að þróun og nýbreytni í samstarfi við hagsmunaaðila: börnin, foreldra, starfsfólk og grenndarsamfélagið</p> <p>c Sveitarfélag stendur fyrir máli á starfsemi frístundaheimila</p> <p>a Forstöðumaður hefur forystu um mótun frístundastarfsins og leitast við að innleiða faglega starfshætti</p> <p>b Við ráðningar skal liggja fyrir sakavottorð, sem sýnir að efbeldi eða misnotkun eða heimild forstöðumanns til að afla upplýsinga úr sakaskrá</p> <p>c Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar</p> <p>a Starfsfólk tryggir börnunum fjölbreytt og uppbyggilegt viðfangsefni</p> <p>b Starfsfólk er ánægt í starfi og telur hæfni sína og þekkingu vel nýta</p> <p>c Starfsfólk vinnur saman að útfærslu viðfangsefna</p> <p>a Starfsfólk kemur vel til máts við þarfir einstakra barna þannig að margbreytileiki í barnahópnum nýtur sín</p> <p>b Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmíðun</p> <p>c Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin</p>
BJARGIR OG SKIPULAG	<p>MARKMID</p> <p>13 Skilvirk upplýsinga- og samskiptatækni styður við starfsemi á fjölbreyttan hátt</p> <p>14 Starfsemi er skipulögð, opnar-tími og dagskipulag eru sýnileg og kynnt börnum, foreldrum og helstu samstarfsaðilum</p> <p>15 Húsnæði og útleiksvæði eru örugg og taka mið af forsendum frístundastarfs, jöfnum tækifærum og ólíkum þörfum allra barna</p> <p>16 Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mættir þörfum þeirra óháð aldri og þroska</p>
	<p>VIDMID UM GÆÐI</p> <p>a Sveitarfélagið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til og skapar aðstæður til starfsbrúna. Á frístundaheimilinu er sími og nettengdur búnaður</p> <p>b Vefur frístundaheimilisinn inniheldur réttar grunnupplýsingar um starfsemi, er virkur og uppfærður reglulega</p> <p>c Upplýsinga- og samskiptatækni er nýtt til samstarfs við foreldra og ýmsa samstarfsaðila</p> <p>a Sveitarfélag selja fram skýr viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann og lágmarksstærð rýmis á hvert barn</p> <p>b Skipulag starfseminnar, samstarf aðila, og verkefni starfsfólks eru skýr og kynnt og endurnæmtin reglulega út frá þörfum barnsins</p> <p>c Tekið er á móti börnum og þau kvædd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörk börn eru í frístundinni hverju sinni</p> <p>a Húsnæði frístundaheimilis og útleiksvæði upplýfa þær kröfur sem gerðar eru í lögum um grunnskóla og lögum um vinnuvernd</p> <p>b Skipulag húsnæðis og útleiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna</p> <p>c Aðgengi að húsnæði hentar öllum, hvort sem er innan veggja þess eða útleiksvæði hentar öllum</p> <p>a Fjölbreytt úrval af vistvænum og öruggum efniviði er til staðar</p> <p>b Efniviður og búnaður er yfirfarinn reglulega og endurnýjaður eftir þörfum</p> <p>c Nærumhverfi frístundaheimilis er nýtt til þess að mæta áhuga, forvitni og áskorunum barna</p>



FJÖLBREYTIKLEIKI-TRAUST-SAMVINNA-GLEÐI

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
ÁRBORGAR
2022

Birt með fyrirvara um breytingar